
Heiðarbær í Þingvallasveit:

Deiliskráning í sumarbústaðabyggð við Þingvallavatn



SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR OG SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2022
FS906b-22461

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsíðu er mynd af vörðu ÁR-460:037, borft til norðvesturs. Ljósmynd tók Kristborg Dórsdóttir.

©2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	5
Summary	5
1. Inngangur	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	10
4. Fornleifaskrá	12
ÁR-460 Heiðarbær	12
ÁR-710 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....	16
5. Niðurstöður	18
6. Heimildaskrá	21
Viðauki I – Minjakort.....	22

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar í sumarbústaðabyggð á Svínanesi og nágrenni, í landi Heiðarbæjar við vestanvert Þingvallavatn. Úttektin var gerð fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar Ríkiseigna vegna frágangs á deiliskipulagi. Úttektarsvæðið er um 42 ha og á stærstum hluta þess eru sumarbústaðalóðir, skógræktarreitir og birkikjarr. Um skráningu á vettvangi sáu Sólveig G. Beck og Kristborg Þórsdóttir í nóvember 2022. Innan úttektarsvæðis voru skráðir fimm staðir en eftir að skýrslan var gefin út komu fram upplýsingar frá sumarhúsaeigenda um að einn staður (tvær einingar) væru í raun frá miðri 20. öld og í kjölfarið ákvað Minjavörður Suðurlands að staðinn og ákvað í kjölfarið að halda staðnum á fornleifaskrá með þeim fyrirvara að ekki væri víst um hvort hann teldist til fornleifa. Er það ástæða þess að hér lítur dagsins ljós endurskoðuð útgáfa skýrslunnar. Minjar innan úttektarsvæðis eru skilgreindar í stórhættu vegna skógræktar, landbrots og mögulegra framkvæmda.

Efnisorð: fornleifaskráning, sumarhúsabyggð, deiliskipulag, Heiðarbær í Þingvallasveit, Svínanes

Summary

This report covers the findings and conclusions of a field survey of a 42 ha summer house area which once belonged to Heiðarbær farm on the west banks of Þingvallavatn in Þingvallasveit, southwest Iceland. The survey was carried out in November 2022 by archaeologists Sólveig G. Beck and Kristborg Þórsdóttir. In the field a total of five sites were surveyed but after the report was published the owners of one of the summer houses came forward with information that suggested that a site within their property (two measured features) were in fact from the middle of the 20th century. After inspection of the head of heratage in the south of Iceland he suggested giving it the benefit of the doubt. Therefore the report is now republished, with these changes. All sites are in great danger due to forestry, land erosion on the banks of Þingvallavatn and/or future construction work within the assessed area.


Keywords: archaeological survey, summer house area, Heiðarbær, Þingvallasveit, Svínanes

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir deiliskráningu *Fornleifastofnunar Íslands* ses á fornleifum í rótgróinni sumarbústaðabyggð innan afmarkaðs svæðis á vesturbakka Þingvallavatns (mynd 1). Svæðið sem um ræðir er um 42 ha og nær frá Stíg í norðri, yfir Svínanes, suður fyrir Sigríðarklif yfir í Vatnsbrekku, vestan Nesjaeyjar. Taldist svæðið fyrrum hluti af Heiðarbæ (ÁR-460) í Þingvallahreppi en lóðirnar inna þess eru nú ríkiseign. Vettvangsvinna var unnin í nóvember 2022 af Sólveigu G. Beck og Kristborgu Þórsdóttur fornleifafræðingum fyrir hönd Framkvæmdarsýslunnar Ríkiseigna. Um ritun skýrslu og kortagerð sá Sólveig G. Beck. Form skráningarskýrslunnar er hefðbundið. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan úttektarsvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni fylgir svo heimildaskrá og minjakort.

Á úttektarsvæðinu eru margir sumarbústaðir og önnur hús og mannvirki tengd þeim og er svæðið allt mjög skógivaxið, bæði vegna gamalla skógræktarreita með barr- og lauftrjám, sem og náttúrulegs birkikjarrs. Við skráningu var gengið skipulega yfir allt svæðið þar sem því varð mögulega komið við. Svæði þar sem trjágróður er sem þéttastur var ekki hægt að ganga að neinu marki. Barrskógarreitir milli sumarbústaða eru margir nokkuð þéttir og þegar nær dregur Sigríðarklifi¹ úr báðum áttum tekur birkikjarr að mestu yfir og landinu hallar þar skarpt niður í Þingvallavatn til austurs. Innan úttektarsvæðis voru skráðir fimm staðir.

¹ Í örnefnaskrá Heiðarbæjar er talað um Sigríðarklif, á Herforingjaráðskorti er merkt örnefnið Sigríðarkleif.



Mynd 1. Úttektarsvæðið við Þingvallavatn er innan fjólubláu línunnar. Staðsetning svæðis er merkt sem rauður punktur á Íslandskorti. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-142:013). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatitil Johnsen's Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sýrheiti Tegund Hlutverk Hlutarstaða í landsmánerfi ISN93

Sýsluríka SF-175:009 Sveinshlaða tóft hlaða E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



I ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útiðis í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skalfártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skalfártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstæð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torlhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Höllin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en höllin norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hetta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

ÁR-460 Heiðarbær

Sögulegar heimildir

Virt á 20 hdr árið 1695, Þingvallakirkjueign, BL 1967, 116. Virt á 26 hdr árið 1711. Þingvallakirkjueign, JÁM II, 374. Í máldaga frá árinu 1570 (og síðar) er Heiðarbær eign Þingvallakirkju. DI XV, 644. Landnámsjörð Þingvallasveitar og stendur í jaðri landnámsins. Hér bjó Hrolleifur Einarsson, sonur Einars barnakarls: "...þá er byggt var allt með sjó; hann nam þá lönd til móts við Steinröð öll fyrir útan Öxará, er fellr um Þingvöll, ok bjó í Heiðabæ nokkura vetr. Þá skoraði hann á Eyvind í Kvíguvágum til hólmgöngu eða landsölu, en Eyvindr kaus heldr, at þeir keypti löndum. Eyvindr bjó nokkura vetr síðan í Heiðabæ ok fór síðan á Rosmhvalanes til Bæjarskera, en Hrolleifr bjó síðan í Kvíguvágum og er þar heygður." ÍF I, 389 og 391. Talið er að Öxará hafi verið veitt í Almannagjá og sést gamla árfarið og er það enn kallað svo, Árfar. Það er gamli Öxarárfarvegurinn, sem er landnámsmark Hrolleifs. Haraldur Matthíasson, 1982, 505. Á Heiðarbæ hefur verið tvíbýli frá 19. öld en úthagi hélst óskiptur. SB III, 230. Árið 1896 voru 10 bæjarhús og 12 peningshús í Heiðarbæ. Eftir jarðskjálftana sama ár voru öll bæjar- og peningshús lítið skemmd, skv. Landskjálftar á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 181.

Túnakort 1920: Tún 5,3 ha., þar af um 1/3 slétt og allt girt. Matjurtagarðar 1204 m². "Landmikil jörð sem liggur að suðvesturmörkum Þingvallasveitar vestan Þingvallavatns og liggur að Grafningshreppi og Mosfellshreppi. [...] Jörðin nær frá Þingvallavatni upp á Hádegisholt á móti Stíflisdalslandi. Frá vatninu og heim undir bæina eru þurrir móar en þar fyrir ofan tekur heiðin við. Er suðurhluti heiðarlandsins þurr en norðurhlutinn skiptist í mýrlendi og þurr holt." SB III, 230. 1711: "Afrjett á jörðin í Grímsnesingaafrijet í Skjaldbreiðurhrauni, en hefur ei um mörg ár brúkuð verið. Sumarhaga á jörðin mikla og góða. Útigangur á vetur er og góður þá niðri nær, en hjer er mjög snjóasamt...Rifhrís til drýginda við eldivið á jörðin...en skóg til eldingar, kolagjörðar og raftviðar segist ábúandi brúka í Þingvallna skógi...Selstöðu góða á jörðin í sínu landi. Engjar eru langt í burtu og víðslægjar...Ábúandinn líður hjer stórfeldan skaða bæði á engjum sínum og högum af sífelldum lestarferðum og átroðningi, og svo af afrjettarpeningi Ölvesmanna." Hlunnindi: Silungsveiði í Þingvallavatni, grasatekja á Mosfellsheiði, eggver í hólma milli Sandeyjar og Nesjaeyjar. JÁM II, 374. 1840: "...heyskapur gnægur, en sumur skriðuhættur og sumurlangt í burtu. Veiðijörð, útigangur í meðallagi." SSÁ, 182.

Skráðar minjar

ÁR-460:037 varða óþekkt

A: 391645 N: 410150

Varða er hlaðin ofan á allsstórt bjarg við suðvesturhorn sumarbústaðar niður við Þingvallavatn, sunnan við Sigríðarklif sem er syðst á Svínanesi. Sumarbústaðarlóðin er vaxin birkikjarri en búið er að planta barr- og lauftrjám á svæðinu sem eru komin til ára sinna.



Mynd 3. Varða ÁR-460:037, horft til norðvesturs. Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir


Ekki er víst að varðan sé nógu gömul til þess að teljast til fornleifa og vel mögulegt að hún hafi verið hlaðin af sumarhúsaegendum en hún er mosavaxin. Bjargið sem varðan er á er 3x1,5 m að grunnfleti. Utan í u.þ.b. mitt bjargið að sunnaverðu er vörðuhleðsla sem er 0,6 m á hæð, 0,5x0,8 m að stærð og snýr austur-vestur. Efst í vörðunni er stór, hvítmálaður steinn og búið er að stinga spýtu inn á milli steina. Heildarhæð vörðunnar með bjarginu er 1,6 m. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin og er því hlutverk hennar óþekkt.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

ÁR-460:038 tóft óþekkt

A: 391769 N: 411345

Óljós, hugsanleg tóft er um 7,5 m NNV við bátaskýli austan undir Eggjum í norðurenda Svínanes, um 10 m vestan og ofan við malarveg meðfram fjörunni á vesturbakka Þingvallavatns (mynd 4). Tóftin er grafin ofan í um 1 m háan, grasigróinn bakka norðan við bátaskýlið og um 3 m norðan hennar er djúpt lækjar drag sem liggur í boga vestan úr Svínahlíð ofan í fjöru. Tóftin er inni í gömlum skógarreit og kjarr vex með jörðu.



Mynd 4. Tóft ÁR-460:038, horft til vesturs á ljósmynd sem Sólveig G. Beck tók.

Tóftin er grasi- og mosagróin, um 9 m á lengd, um 6,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftin gæti verið tvískipt að innan en ytri mörk veggja eru óljós. Hólfín eru gróflega kassalaga og um 0,2-0,5 m djúp. Hólf I er austar, um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er inn af hólfi I til vesturs. Það snýr eins en er mjórri eða um 3x1,5 m að innanmáli. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en staðsetning gæti gefið til kynna að hér sé hugsanlega um naust að ræða eða niðurgrafið skjól fyrir bát. Hér gæti þó einnig verið um náttúrumyndun að ræða eða einhvers konar rask vegna sumarhúsabyggingar sem lítur út eins og niðurgrafin tóft, en var hér látið njóta vafans.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

ÁR-460:039_01 tóft stekkur


A: 391898 N: 410977

Tvær samsíða tóftir eða þústir 039_01 og 039_02 eru á Svínanesi um 380 m SSA við tóft 038, um 160 m austan og neðan við Grafningsveg efri (360), um 20 m ofan og vestan við neðstu sumarbústaðalínu og um 55 m vestan við malarveg meðfram strandlengju vestanverðs Þingvallavatns (mynd 5). Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 15x13 m að flatarmáli og snúa þær báðar norðaustur-suðvestur. Tóftirnar eru mjög signar og við fyrstu sýn mætti því ætla þær fornlegar. Eftir að skráningu lauk bárust upplýsingar frá heimildamanni sem taldi að ummerkin væru frá raski frá miðri 20. öld og fór því minjavörður Suðurlands á staðinn og leit á tóftirnar. Taldi hann að þær væru þesslegar að rétt væri að gefa leyfa þeim að njóta vafans að sinni. Tóft 01 er um 2,06 km sunnan við Heiðarbæ ÁR-460:001.

Tóftirnar eru á grasi-, mosa- og lyngigróinni flöt, fast ofan við gamlan skógræktarreit til austurs. Barrtré eru gróðursett mjög nálægt tóftunum til norðurs og austurs. Birkikjarr er tekið að breiða úr sér vítt og breytt um flötina. Greinilegur, vel nýttur göngustígur liggur N-S yfir tóftirnar.

Tóft 039_01 er norðvestan við tóft 039_02. Tóft 01 er tvískipt, um 13 m á lengd og um 9 m á breidd. Veggir hennar eru um 2-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Veggir eru signir og vel grónir en ekkert sést í grjóthleðslur. Gengið hefur verið inn í tóftina að norðaustanverðu. Hólf I er í norðausturenda tóftar. Það er stærra og snýr NA-SV, á meðan hólf II í suðvesturenda er minna og snýr hornrétt á hólf I eða NV-SA. Hólf I er um 4x2,5 m að innanmáli og um 0,2-0,5 m á dýpt. Hólf II er um 3x2 m að innanmáli og um 0,2-0,4 m á dýpt. Um 1,5 m breiður veggur skilur á milli þeirra en ekki er ljóst hvort það hefur verið innangengt úr hólfi I yfir í hólf II.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.



Mynd 5. Meint tóft ÁR-460:039_01 (vinstri), horft til NNA, og tóft 039_02 (hægri), horft til suðausturs. Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.

ÁR-460:039_02 tóft óþekkt

A: 391904 N: 410971

Tóft 039_02 er aðeins um 2 m SA við tóft 039_01 (mynd 5). Tóft 02 er einföld, um 7 m á lengd, um 4 m á breidd og eru veggir um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Innanmál er um 2,5x1,5 m og um 0,2-0,4 m á dýpt. Veggir eru signir en vel grónir grasi og lyngi og ekki er hægt að sjá neinn greinilegan inngang.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

ÁR-460:040 hleðsla óþekkt

A: 392030 N: 410921

Yst á Svínanesi, fyrir miðju nesinu, eru hugsanlega rofnar leifar grjóthlaðins mannvirkis í stórgrýttri fjörunni, austan og neðan við bílveginn sem liggur meðfram vatnsbakkanum. Mannvirkið er um 130 m suðaustan við meintan stekk ÁR460:039_01 og um 20 m ASA við nýlegt kassalaga bátaskýli

á vesturbakka Þingvallavatns (mynd 6). Grjóthleðslurnar eru efst í grýttri fjörunni, fast austan við lítið grasigróið flatlendi.

Í grýttri fjörunni virðist votta fyrir veðruðum, mosa- og grasigrónum grjóthleðslum í hálfhring sem liggja NNV-SSA. Grjóthleðslurnar virðast ná yfir svæði sem er um 7 m á lengd, um 5 m á



Mynd 6. Grjóthleðsla ÁR-460:040, horft til suðausturs. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck

breidd og eru þær 0,2-0,5 m háar (1-3 umför). Hálfhringurinn virðist vera um 3,5x1,5 m að innanmáli, en austurendi þessa mannvirkis er líklega að mestu horfinn. Í innanverðum suðausturenda virðist vera grjóthlaðið kassalaga innskot sem er um 1,5x1 m að innanmáli og 0,5 m djúpt (2-3 umför). Hlutverk mannvirkis er óljóst en hér gæti verið um að ræða rofna tóft einhverskonar, hugsanlega naust.

Hættumat: stórhætta vegna landbrots.

ÁR-710 Fornleifar á fleiri en einni jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þingvallahreppi

ÁR-710:002 gata leið

A: 391418 N: 409678

Grónar götur eru á gamalli leið meðfram vestanverðu Þingvallavatni sem sýnd er á herforingjaráðskorti 37 NA frá 1909. Hún lá frá hreppamörkum sunnan við Svínanes til norðurs að Heiðarbæ, Skálabrekku og Kárastöðum. Leiðin var skoðuð á Svínanesi og í næsta nágrenni, syðst í landi Heiðarbæjar. Þar sást hún á stuttum kafla fast sunnan við Svínanes.

Leiðin liggur eftir hjalla í þéttum skógi innan sumarhúsalóðar en hjallinn er í talsverðum bratta á milli hárrar fjallshlíðar og Þingvallavatns. Á svæðinu er náttúrulegur birkiskógur en einnig hefur miklu verið plantað af barrtrjám og lauftrjám (mynd 7).

Hægt var að rekja leiðina á mjög stuttum kafla austan við Grafningsveg efri (360) þar sem búið er að grísa þéttan barrskóg. Alls sjást 7-8 götur þar á um 20 m löngum kafla (N-S) og svo má mjög óljóst greina stutt framhald 30 m norðar þar sem leiðin hefur krækt fyrir djúpt klettagil. Göturnar eru grónar, 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Breiðir paldrar eru á milli gatna. Við klettagilið hverfur leiðin undir núverandi veg og sést ekki víðar á Svínanesi. Líklega hefur hún legið á sama eða svipuðum stað og Grafningsvegur efri. Einnig getur verið að aðrir hlutar leiðarinnar á Svínanesi séu horfnir í skóg.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 37 NA.



*Mynd 7. Götur á leið ÁR-710:002, horft til suðurs.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir*

5. Niðurstöður

Deiliskipulagsreiturinn við Svínanes er um 42 ha að flatarmáli og er um 2 km sunnan við bæjarstæðið í Heiðarbæ (ÁR-460:001) á vesturbakka Þingvallavatns (mynd 8). Í fornum sögnum Íslendinga var Heiðarbær landnámsjörð í Þingvallasveit² en bæjarins er fyrst getið í máldögum frá miðjum seinni hluta 16. aldar³. Um aldamótin 1700 er jörðin eign Þingvallakirkju og er hún metin á 20-25 hndr⁴. Í norðri byrjar úttektarsvæðið við norðurenda Svínanes, fast austan undir Eggjum í Svínahlíð. Klettabrúnirnar Svínahlíð og Jórúkleif afmarka úttektarsvæðið að vestanverðu á mótum Þingvallavatni að austanverðu. Í suðurenda úttektarsvæðis eru landamerki Heiðarbæjar sem samkvæmt örnefnaskrá⁵ eru á hreppamörkum Þingvallasveitar og Grafnings úr hæsta punkti í Hæðum í Lönguhlíð, austur í Þingvallavatn um 200-300 m norðan Kattargils í landi Nesja í Grafningshreppi. Sigríðarklif klippir úttektarsvæðið svotil í tvennt sunnan Svínanes.

Alls voru skráðir fimm minjastaðir, þrjár þeirra eru á Svínanesi norðan Sigríðarklifs, og tveir sunnan þess, í Vatnsbrekkum. Á úttektarsvæðinu öllu er umfangsmikið skóglendi sem hamlaði nokkuð yfirsýn við skráningu, einkum þar sem eru reitir með barrtrjám í þéttum röðum. Ef einhverjar minjar hafa verið á þeim svæðum þar sem barrtrjám hefur verið plantað þétt þá eru þær mjög líklega mikið skemmdar, ef ekki horfnar með öllu. Norðan Sigríðarklifs voru skráð tvö hugsanleg mannvirki við bakka Þingvallavatns, annars vegar meint tóft ÁR-460:038 nyrst á Svínanesi og grjóthleðsla ÁR-460:040 á vestasta odda nessins. Bæði mannvirkin eru óljós og gætu annað hvort verið tengst jarðraski við sumarbústaði svæðisins eða verið náttúrumyndun, en voru hér látin njóta vafans og tekin með á fornleifaskrá. Ef um mannvirki er að ræða gætu þau hugsanlega tengst bátageymslu eða öðrum athöfnum við vatnið.

² ÍF I, 389 og 391.

³ DI XV, 644.

⁴ BL 1967, 116 og JÁM II, 374.

⁵ Ö-Heiðarbær, 1.



Mynd 8. Yfirlitsmyndir á úttekarsvæðinu á Svínanesi (efri mynd) og í Vatnsbrekku sunnan Sigríðarklifs (neðri mynd) undir Kleifareggjum. Ljósmyndir tók Kristborg Þórsdóttir.

Auk þeirra minja sem þegar hafa verið nefndar var skráður staður svotil fyrir miðju Svínanesi, í lundi barrtrjáa vestan og ofan við neðstu röð sumarbústaða. Þar fundust ummerki sem líktust tveimur, samsíða tóftum ÁR-460:039_01 og ÁR-460:039_02 sem báðar voru taldar í stórhættu vegna trjáræktar og útbreiðslu birkikjarrs. Eftir að skráningu lauk bárust upplýsingar frá lóðareigenda að ummerkin væru eftir rask frá miðri 20. öld sem varð til þess að Minjavörður Suðurlands kom á svæðið og kannaði meintar tóftir. Niðurstaða hans var sú að ummerkin líktust vissulega tóftum og því væri rétt að halda þeim á fornleifaskrá og láta þær njóta vafans í bili. Komi til þess að raska þyrfti umræddu svæði mætti skera úr um mögulega eldri mannvist með einföldum hætti, t.d. með borkjarnasýnatöku eða könnunarskurði.

Sunnan Sigríðarklifs voru svo skráð ein varða ÁR-460:037 og götur á leið ÁR-710:002 sem sýnd er á Herföngjaráðskorti Dana frá árinu 1909. Varðan er alls 1,6 m há, mosagróin hleðsla á náttúrulegu bjargi, en óljóst er hvort varðan sé eiginleg fornleif eða hvort hún hefur verið hlaðin af sumarbústaðaeigendum. Hægt var að rekja brotabrot af götum á leið ÁR-710:002 á stuttum kafla þar sem búið er að grysja þéttan barrskóg áður en þær hverfa undir Grafningsveg efri (360). Líklegt er að leiðin hafi áður legið á svipuðum stað og núverandi vegur en einnig er hugsanlegt að aðrir hlutar leiðarinnar á Svínanesi séu horfnir í skóg.

Allar fornminjar sem skráðar voru innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna trjáræktar, landbrots og/eða hugsanlegra framkvæmda en óheimilt er að gróðursetja plöntur og tré innan við 15 m frá fornleifum.

Rétt er að ítreka það hér í lok skýrslu að sumarbústaðabyggð og minjar geta farið ágætlega saman, ef minjum er sýnd aðgát. Dæmi eru um að minjar á slíkum svæðum geti raunar aukið á útivistargildi svæða og vakið athygli á sögu þeirra. Séu engar framkvæmdir fyrirhugaðar sem skemma minjar getur slík sambúð gengið átaklaust og vel fyrir sig og þannig má líta á minjarnar sem góða viðbót við menningarlandslag svæðisins fremur en kvöð á framkvæmdarétti. Engu að síður er það svo að ef framkvæmdir sem raskað geta minjum eru fyrirhugaðar þarf að hafa samband við Minjastofnun Íslands og leita álits stofnunarinnar á því hvort fornminjar megi víkja og þá með hvaða skilyrðum. Í þeim tilfellum þar sem um veigaminni minjar er að ræða (s.s. leiðir eða lélegar vörður) eru fordæmi fyrir því að Minjastofnun telji einfaldlega að skráning og uppmæling, líkt og nú hefur verið unnin í Heiðarbæ, sé fullnægjandi mótvægisáðgerð. Í öðrum tilfellum er algengt að frekari rannsókna (s.s. t.d. könnunarskurða eða borkjarnasýnatöku) sé krafist áður en framkvæmdir hefjist. Lykilatriði er að slíka framkvæmdir séu ráðgerðar í góðu samtali við Minjastofnun Íslands.

6. Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

Björn Lárusson, 1967. *Old Icelandic Land Registers*. Doktorsritgerð við Háskólann í Lund. W. F.

Salisbury (þýðandi). Lund: Gleerup.

DI XV: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1947-1950. XV. bindi: 1567-1570 (og síðar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

ÍF I: *Íslenzk Fornrit*, 1986. I. bindi: Íslendingabók – Landnámabók: fyrri hluti. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 1918-1921. II. bindi: Árnessýsla.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Haraldur Matthíasson, 1982. *Landið og landnáma*. Reykjavík: Örn og örlygur.

SB III: *Sunnlenskar byggðir*. III. bindi, 1980-1987. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson (ritstj.). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorvaldur Thoroddsen, 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Aðrar heimildir:

Ö-Heiðarbær: Örnefnaskrá Heiðarbæjar. Guðjón Friðriksson skráði. Örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. Aðgengileg rafrænt á <https://nafnid.is>

Túnakort Heiðarbæjar, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt rafrænt á <http://skjalaskrar.skjalasafn.is>

Herforingjaráðskort 37 NA 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Viðauki I – Minjakort

